

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Deiliskipulag Sandgerðisbótar, Akureyri.

Bæjarráð Akureyrarkaupstaðar hefur þann 12. ágúst 2009 í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt endurskoðun á deiliskipulagi Sandgerðisbótar.

Endurskoðunin felst fyrst og fremst í breytingum á hafnarmannvirkjum. Jafnframt er bætt við einni lóð við Ósvör, íbúðarhúsið Eyri fær lóð og stöðurétt að nýju og byggingarmagn er aukið á lóð Óseyrar nr. 8.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 2. september 2009.

Pétur Bolli Jóhannesson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 3. september 2009